

50. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um Garðyrkjuskóla ríkisins nr. 91, 23. júní 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 261, 26. nóvember 1970.

*Landbúnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1985.*

**Jón Helgason.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

Nr. 424

22. október 1985

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafíu Ingibjargar Elíasdóttur og Þórðar Valdimars Marteinsonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 22. október 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafíu Ingibjargar Elíasdóttur og Þórðar Valdimars Marteinsonar frá Fit á Barðaströnd.**

Elías Þórðarson, Aðalstræti 84, Patreksfirði, stofnar minningarsjóð um foreldra sína í tilefni aldarafmælis móður sinnar þ. 26. september 1985.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Ólafíu Ingibjargar Elíasdóttur og Þórðar Valdimars Marteinsonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 300 000,00 — þrjú hundruð þúsund krónur —. Eigi má skerða stofnféð.

Sjóðinn skal varðveita eins og talið er tryggast af stjórn hans.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur af höfðustól hans.
2. Gjafir.
3. Aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að áskotnast.

Af árlegum tekjum skal leggja minnst 10% við höfðustól, en að öðru leyti verja þeim til að framkvæma tilgang sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og gleðja fötluð börn og unglinga allt að 18 ára aldri. Engin fötlun er undanskilin, hvort sem hún er andleg eða líkamleg, meðfædd eða af völdum slysa. Eingöngu skal veita úr sjóðnum þeim, sem búsettir eru í Patreksahreppi, Barðastrandahreppi, Rauðasandshreppi og Tálknafjarðahreppi.

Fyrst skal veitt úr sjóðnum eftir 3 ár frá stofndegi.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn Kvenfélagsins „SIF“, Patreksfirði ásamt Helgu Guðjónsdóttur, Mýrum 4, Patreksfirði, sem er fulltrúi stofnanda í stjórninni og jafnframt að hans ósk formaður sjóðsins. Við fráfall Helgu eða brottflutning af svæðinu, tekur formaður Kvenfélagsins „SIF“ við formennsku í sjóðnum. Leggist starfsemi Kvenfélagsins „SIF“ niður, tekur Heilsugæslustöð Patreksfjarðar við vörslu sjóðsins og verður stjórn hennar þá jafnframt stjórn hans.

## 6. gr.

Sjóðstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

## 7. gr.

Samkvæmt heimild stofnanda má með samþykki dómsmálaráðuneytisins breyta skipulagasskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**REGLUGERÐ****um búfjárhald á Eyrarbakka.**

## 1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) er bannað á Eyrarbakka nema með leyfi hreppsnefndar Eyrarbyggðar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Búfjáreigendur skulu jafnan hafa fullnægjandi aðstöðu til þess að halda búfé, bæði hvað varðar húsakost og fóður. Þeir skulu gæta þess að fjöldi búfjár þeirra sé innan þeirra marka, sem hreppsnefnd hefur tiltekið í leyfi sínu. Fordagæslumenn skulu fylgjast með því að reglur þessar séu haldnar.
- b) Aðbúnaður búfjár og meðferð þess skal jafnan vera í fyllsta samræmi við ákvæði laga um búfjárrækt og dýravernd. Þá er búfjáreigendum skylt að hlíta hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðishætti.
- c) Búfé skal ávallt vera í öruggri vörslu búfjáreigenda. Þeir bera fulla bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem búfé þeirra kann að valda.
- d) Ef breyting verður á eignarhaldi búfjár, ber að gera hreppsnefnd grein fyrir því, sem þá ákveður um framhald leyfisveitingar.

## 2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkv. 1. grein skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess verði háttað og öðru sem máli kann að skipta.